



Fundargerð

Fundur í fjallskilanefnd Reykhólahrepps
Miðvikudaginn 10. desember 2012, kl. 13:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason, Hafliði Ólafsson, Kristján Þór Ebbenzersson og Tómas Sigurgeirsson. Þráinn Hjálmarsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fjallskilasjóður

Samkvæmt 7. gr. Fjallskilasamþykktar fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur nr. 716/2012 skal sveitarstjórn hversrar fjallskiladeildar stofna fjallskilasjóð.

Nefndin leggur til stofnaður verði fjallskilasjóður fyrir árið 2013. Tekjur sjóðsins skuli vera 2% af landverði jarða í Reykhólahreppi og 50 kr. á hverja veturfóðraða kind auk andvirðis óskilafjár. Samþykkt samhljóða.

Nefndin leggur til að fyrsta verkefni fjallskilasjóðs verði viðhald á Kinnarstaðarétt árið 2013. Nefndin óskar eftir því að sveitarstjórn geri ráð fyrir fjármagni í verkefnið. Samþykkt samhljóða.

2. Samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi.

Samþykktin lögð fram til kynningar.

Mál til tilkynningar:

Fundargerð lesin, fundi slitið 14. 40.

